

Forsætisráðuneytið

Stjórnarráðshúsinu  
101 Reykjavík

Reykjavík, 11. mars 2021  
2103168 VR / 1.0/ SLS

## Efni: Stefna um gervigreind - umsögn VR

VR fagnar vinnu á vegum forsætisráðuneytisins við mótun stefnu um gervigreind. Félagið hefur markað sér stefnu um vinnumarkað framtíðarinnar og telur málið vera mikilvægt hagsmunamál fyrir vinnandi fólk og samfélagið allt.

Í stefnu VR um vinnumarkað framtíðarinnar kemur m.a. fram að VR vill að félagsmönnum sé tryggt öruggt atvinnuumhverfi í framtíðinni. Félagið stefnir markvisst að því að hafa áhrif á þróun vinnumarkaðarins til framtíðar og koma í veg fyrir að stórar breytingar á vinnumarkaði geti skert hagsmuni félagsmanna. VR sér tækifæri í breytingum í tækni og viðskiptaumhverfi og lítur þær jákvæðum augum.

Jákvætt er að leitað sé samráðs víða í samfélaginu við mótun stefnu um gervigreind. Það er mat VR að málefnið kalli á að fulltrúi launafólks á almennum vinnumarkaði hafi aðkomu að mótun og innleiðingu stefnunnar þegar þar að kemur.

Hér á eftir fylgja svör VR við þeim spurningum sem settar voru fram í fyrstu drögum að stefnu um gervigreind.

## Hvaða gildi á íslenskt samfélag að hafa að leiðarljósi við innleiðingu nýrrar tækni gervigreindar?

### Lýðræði

VR leggur áherslu á að lýðræði eigi heima á vinnustöðum eins og í samfélaginu öllu en umræða um slíkt hefur ekki verið hávær hér á landi. Lýðræði á vinnustað, öðru nafni atvinnulýðræði, felur í raun í sér allar ráðstafanir sem gerðar eru til að auka áhrif starfsmanna á ákvarðanir sem varða



vinnustað þeirra, allt frá stefnumótun til ákvarðana sem tengjast daglegum störfum. Það er mat félagsins að atvinnulýðræði sé eðlilegur þáttur í atvinnulífinu, enda er það sanngjarnt að bæði fjármagnið og vinnuaflið fái viðurkenningu fyrir sitt framlag til verðmætasköpunar fyrirtækja.

Aukin tækni, nýting gervigreindar og sjálfvirknivæðing sem leiðir til aukinnar hagkvæmni og hagræðingar fyrir fyrirtæki á einnig að leiða til aukinnar farsældar fyrir starfsfólkið. Lýðræði á vinnustað er góð leið til þess að tryggja það að starfsfólk geti haft áhrif á þetta mikilvæga mál sem og önnur.

### Jafnrétti

Hönnun gervigreindar er mannanna verk og mikilvægt er að komið sé í veg fyrir innbyggða fordóma í gervigreind. Þekkt dæmi eru til um að gervigreind mismuni hópum við ákvarðanatöku og vinnslu á gögnum. Gervigreind verður að vera hönnuð á þann veg að hún meti alla einstaklinga til jafns óháð aldri, kyni, kynhneigð, þjóðerni, litarafti, trú eða stjórnmálaskoðunum.

### Réttindi og gegnsæi

Augljóst er að gervigreind skapar bæði tækifæri og hættur fyrir íslenskt samfélag. Upplýsingasöfnun og notkun gervigreindar við vinnslu persónugreinanlegra gagna skapar hættu á því að stjórnarskrárvarinn réttur til friðhelgi heimilisins og einkalífs verði að engu og hætta getur skapast á misnotkun upplýsinga. Af þeim sökum er afar mikilvægt að Ísland, í samstarfi við t.d. Norðurlöndin eða Evrópusambandið, marki sér skýra stefnu um hvernig einstaklingar geti leitað réttar síns í þessum efnum. Augljóst er að aflsmunur samfélagsmiðlarisa og einstaklinga er slíkur að löggjöf og eftirlit þarf til að tryggja réttindi borgara og faglegra meðferð álitamála. Á sama tíma er þróun í notkun á gervigreind til þess að framleiða myndefni eða bera kennsl á einstaklinga á almannafæri nú þegar farin að skapa vandamál.

Mjög mikilvægt er að notandi þjónustu sem unnin er af gervigreind sé upplýstur um hvernig ákvarðanir gervigreindar eru teknar og að um opið og gegnsætt ferli sé að ræða. Hér gæti verið tækifæri til þess að vinna í samstarfi á stærri sameiginlegum vettvangi, t.d. með Norðurlandþjóðunum eða Evrópuþjóðum.

### **Hvert á hlutverk tækni gervigreindar að vera í íslensku samfélagi?**

VR vill að aukin hagræðing og framleiðniaukning í fyrirtækjum í kjölfar tæknibreytinga skili sér í betri kjörum og auknum lífsgæðum starfsfólks og samfélagsins alls. Hægt er að nýta tækifæri sem skapast í kjölfar hagræðingar sem sjálfvirknivæðing og tækniframfarir stuðla að til þess t.d. að stytta vinnutíma starfsfólks.

Einnig ætti aukin nýting tækni og gervigreindar að stuðla að sjálfbærri þróun og jákvæðum áhrifum á umhverfismál í íslensku samfélagi.

### **Á hvaða vettvangi ætti Ísland að ræða og leysa álitamál sem upp munu koma varðandi innleiðingu og notkun nýrrar gervigreindartækni?**



Mikilvægt er að um sé að ræða hlutlausan vettvang þar sem einstaklingar geti leitað lausna sinna mála ef fram koma mál þar sem gervigreind er notuð í annarlegum tilgangi. Þörf er á opinberum aðila sem getur greint hvað er rétt og satt í slíkum málum.

Mikilvægt er að hafist sé handa við vinnu um skilgreiningu á siðareglum fyrir gervigreind sem ætlunin er að þróa og/eða nýta hér á landi. Jafnframt þarf að tryggja að lagarammi sá sem ætlunin er að vinna eftir sé til staðar og uppfæra lög/reglugerðir eftir því sem við á. Mikilvægt er að styrkja þær stofnanir sem munu koma að eftirliti og hér teljum við að afar mikilvægt sé að samtök launafólks eigi beina aðkomu að, til þess að tryggt sé að tekið sé tillit til hagsmuna launafólks.

### **Hvað þarf til svo að íslenskt atvinnulíf geti að fullu nýtt tækni gervigreindar?**

Tryggja þarf að hvatar séu til staðar til þess að íslenskt atvinnulíf muni innleiða nýja tækni, en ekki síður er mikilvægt að innleiðing hennar skapi ekki samfélagslegan óstöðugleika. Gangi spár um breytingar á vinnumarkaði eftir er ljóst að það mun hafa veruleg áhrif á félagi í VR. Af þeim sökum er afar mikilvægt að hvatar til atvinnusköpunar, menntunar og þjálfunar séu til staðar til þess að tryggja að breytingar á vinnumarkaði skerði ekki afkomu og atvinnuöryggi.

Starfsþróun einstaklinga á vinnumarkaði er háð vilja fyrirtækja til þess að veita starfsfólki sínu tækifæri og möguleika til símenntunar. Þess vegna er mikilvægt að fyrirtæki séu upplýst um mikilvægi fræðslu og möguleika til símenntunar. VR hvetur fyrirtæki til þess að bjóða starfsfólki upp á þjálfun og fræðslu svo það hafi möguleika á starfsþróun og þjálfun í ný störf ef fyrrséð er að störf þeirra taki breytingum í kjölfar tækniframfara og/eða breytts viðskiptaumhverfis.

Verði gervigreind til þess að störfum fækki verulega getur skapast hér mikið ójafnvægi og fyrrséð hætta á samfélagslegum óróa. Jafnframt beri að leggja á það áherslu að fyrirtæki sjái sér hag í því að halda ráðningarsambandi þannig að innleiðing gervigreindar leiði ekki sjálfkrafa til fækkunar starfa og hvatar séu til staðar til að stuðla að endurmenntun og þjálfun.

Starfsfólk á almennum vinnumarkaði þarf að fá hvatningu og tækifæri til þess að læra um gervigreind og möguleika hennar. Framboð menntunar á öllum skólastigum þarf að endurspegla breyttar kröfur sérstaklega á framhalds- og háskólastigi sem og í framhaldsfræðslu. Til þess að hægt sé að tryggja að framboð endurspegli slíkar kröfur er þörf á að gera reglulega spár um færniþörf á vinnumarkaði og fylgja þeim eftir með aðgerðaráætlun.

Fyrir hönd VR,



Ragnar Þór Ingólfsson, formaður VR